

Fimmti fundur Umhverfisnefndar 2013-2014 haldinn 19. mars klukkan 9:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: *Amelía Íris, Ásgeir Örn, Vilhelm Logi, Ásgeir Marinó, Sverrir Máni, Bríet Sunna, Iðunn Kara, Sigurdís Ósk, og Ólöf Ósk* Fulltrúar starfsfólks
Þórunn Júlíusdóttir skólastjóri, Þórgunnur María starfsmaður og fulltrúi foreldra var Arndís Harðardóttir.

Þórunn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp.

Í upphafi fundar ræddum við hvað við höfum verið að gera frá síðasta fundi og hvort við höfum unnið að því sem við ákváðum á síðasta fundi, samkvæmt fundargerð.

- Við settum upp myndlistarsýningu í íþróttamiðstöðinni. Efniviðurinn var m.a. endurunnin pappír sem krakkarnir unnu í vetur og dagatöl sem okkur voru gefin.
- Þema myndlistarsýningarinnar var ***Sveitin mín Skaftárhreppur.***
- Búnir voru til fuglar, fiskar, kindur, hestar og kýr.
- Vatnssýni hafði verið tekið úr Skaftá eftir hlaupið sem kom í vetur.
- Við fórum í heimsókn í grunnskólann og skoðuðum stofuna sem elstu krakkarnir í umhverfisnefndinni eru í þegar þau eru í skólanum hjá Ester.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið.

Við ætlum að huga að smáfuglunum og gefa þeim í vetur. Hugmynd að steypa fuglafóðri í feiti og hengja út í tré.

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið.

